

Fáein orð um skáldin fornu-
forfeður rangæisku skáldanna.
Loftur Guttormsson ríki.

Eftir A.J.Johnson fyrrum bankagjaldkera.
Úr Sunnudagsblaði Vísis.

Víðanki 3.

A. J. Johnson:

Fáein orð um skáldin fornu — forfeður rangæisku skáldanna.

Loftur Guttormsson ríki

var vafalítið einn af ættstærstu mönnum er lifað hefir á þessu landi. Hann var afkomandi flestallra göfugustu landnámsmanna landsins — en forfeður þeirra margra voru konungar, jarlar, og hersar, í nálægum löndum — og þar af leiðandi afkomandi stærstu höfðingjaættanna, eins og t. d. Oddaverja, Haukdæla, Möðruvellinga og Skarðverja. En aðalættir Lofta voru tvær þær síðastnefndu, Möðruvellingar móðurætt, en Skarðverjar föðurætt. Var Loftur áttundi maður í beinan karlegg í föðurætt frá Húnboga Þorgilssyni á Skarði á Skarðsströnd (sem almennt mun nú talinn) bróðir Ara fróða. En kona Húnboga á Skarði, Ingveldur Hauksdóttir, var sjötti ættliður frá Ingólfi Arnarsyni landn.m., og sömuleiðis sjötti liður frá Geirmundi heljar-skin er nam land á Skarðsströnd, og talinn er „göfgastur“ allra landsnámsmanna á Íslandi. Tólfli maður var Loftur frá Guðmundi ríka á Möðruvöllum í móðurætt, og jafnlangt frá Síðu Halli, en Guðmundur ríki var fjórði maður frá Helga magra landnámsmanni í Eyjafirði, og sjötti maður frá Grími Kamban er nam Færeyjar. Fleiri ættfeður Lofta ætla eg ekki að nefna. Þetta er aðeins lítið sýnishorn af ættgöfgi hans. Ekki er kunnugt hvaða ár Loftur er fæddur, en sennilegt er að hann sé fæddur nál. 1375. Lofta er fyrst getið svo kunnugt sé stuttu eftir aldamótin 1400. Fyrir og um aldamótin mun hann hafa verið ráðsmaður hjá hefðarkonu í Rangárbírgi, Guðrúnu Haraldsdóttur að nafni, af Oddaverja ætt, og gaf hún Lofti Stóra-Dal undir Eyjafjöllum í þjónustulaun. Árin sem svarti dauði geisaði hér (1402—3), hefir Loftur líklega verið utanlands, og svo aftur síðar, — eftir 1406. Þá hefir hann gjörst „konungsmaður og riddari; hafði hann hvítan fálka í skjaldarmerki sínu í bláum feldi“. Er heim kom aftur, fór Loftur með „sýsluvöld hér og hvar“, en einkum þó í Vaðlaþingi (Eyjafjarðarsýslu). Og „hirðstjóri norðan og vestan á Íslandi“ var

hann 1427, en 1430 var Loftur ráðsmaður biskupsstólsins á Hólum. Hann bjó stórbúi á Möðruvöllum í Eyjafirði (líklega þó fyrst á Skarði á Skarðsströnd), óðali móður sinnar. En stórbúi hafði hann á þremur jörðum öðrum: Sjávarborg í Skagafirði, Lögmanshlíð í Eyjafirði, og Mástöðum í Vatnsdal. Mælt er að hann hafi átt 80 stórgarða (jarðir). „Hann hafði það að venju, að ríða millum stórbúa sinna með 18, og stundum fleiri sveina“.

Í Sunnanfara frá 1891, er talið, að eignir Lofta með þá gildandi verðlagi, hafi numið 807 þús. 452 krónum. Þar af voru jarðeignir 717 þús. kr. og var jarðarhundraðið virt á 150 kr. Í „smjörvum“ (smjóri) fengu skilgetin börn hans fjögur, 216 hundruð, og voru lagðir 20 fjórðungar (200 pund) í hvert hundruð. Þetta er dálaglegur smjörbiti, og mundi dýr nú á dögum (ca. 420 þús. kr.). Líklega væri óhætt að meta eignir Lofta nú á 5 miljónir kr. a. m. k.)*

Mikið af auði sínum hefir Loftur fengið sem arfafé. Í svarta dauða stráfelli næstum sumar ættir. Þeir sem eftir lifðu urðu forríkir, því stundum erfðu þeir fjórmenninga sína. Ættmenn Lofta, sem dáið hafa úr pestinni, hafa líklega verið bæði margir og ríkir, þar á meðal afi hans Ormur lögm. á Skarði. Eftir lát hans hefir Loftur erfð Skarð og Skarðsauð m.

*) Aðrir auðugustu menn á 15. öld munu hafa verið Björn ríki Þorleifsson tengdasonur Lofta (maður Ólafar) og Guðm. Arason á Reykhólum. Auður Björns er talinn um miljón krónur með verðlagi 1891, en Guðmundar rúmar 600 þús. kr. (sbr. Sunnanf. 1891). Mest af auðnum var í jarðeignum hjá báðum. Eignir Björns mætti meta nú á ca. 6 miljónir kr., en Guðm. 3,6 milj. Guðm. Arason hafði bú á þessum höfuðbólum: Reykhólum, Bæ á Rauðasandi, Núpi í Dýrafirði, Kaldaðarnesi, Brjánslæk, og Felli í Kollafirði. Á þessum sex jörðum hafði hann 193 kýr. Og yfir 70 svín voru á þremur búunum,

m., því faðir hans Guttormur, sonur Orms lögm. var fyrir löngu andaður. Hann var veginn í Snóksdal 1381, af manni er hét Þorsteinn Jónsson, og hefir Loftur þá verið mjög ungur. Líklega hefir hann alizt upp með móður sinni Sophíu, dóttur Eiríks ríka á Möðruvöllum í Eyjafirði.

Það er talið nærri vist, að Loftur hafi byrjað búskap á Skarði með Kristínu Oddsdóttur. Var hún stórættuð, dóttir Odds lögm. lepps Þórðarsonar, Flosasonar, Jónssonar, Erlendssonar lögm. sterka Ólafssonar. „Pau unnust í líf og fjör“ enda kvað Loftur til hennar mikil og innileg ástakvæði sem nefnd eru „Háttalykill“ hinn „meiri“ og „skemmri“. Hér eru nokkur erindi úr þessum yfir 500 ára gömlu ástakvæðum.

Eg elska af instu rótunum þá afbragð berr af snótunum, sú gár fegurst á fótunum fljóð á manna mótunum; hygg eg mest fyrir hótunum, hjartans sorgar nótunum, nema mér bæti bótunum brúðr með elsku klótunum.

Blíð frið hauga tróða, hjört, skær, sú er mín kæra, lit, vit, lynðið mæta, lífsins blóm, meyja sómi, þrúð skruð plagar með heiður, pells rein, eg elska þig eina, víf líf vænast hófar, vella eik gerir mig bleikan.

Mér er æ fyrir augum, enn má eg það kennast, að aldri fyrr á foldu, fæddist slík, hennar líki; eigi áðr né síðan ann eg slíkum svanna; minnst menja gunni mest, þá eg sé þær flestar.

Drós er dægilig að visu, drós má ei vænni kjósa, drós sem dagrinn lýsir, drós er fögr sem rósa, drósin dáðafúsa, drós sem eg mun glósa, drós má dægileg leysa, drós minn harminn ljósa.

Í fystu friðar ástir, fagurt sprund, saman bundum; tekst ef tveir vilja; skyldum við skrautfold aldrei skilja að okkrum vilja; ei er gaman nema gott sé; dygð hefr beint ei brugðið blíð snót við mig síðan; maðr er manns gaman; víf skal því aldr og æfi ítr drengur muna lengi; unír auga meðan á sér,

Hér er líklega lýsing af Kristínu:

Fystan vil eg kjörinn kost kjósa að hafi mín drós: hærð sé vel og hagarð, hyggin og ráðdygg, dægilega miðmjó, mentuð bezt og fagrhent, fótisma og velvitr, væneygð og örkæn.

Af eftirfarandi erindi sést greinilega, að einhverjir venzlamenn þeirra Lofta og Kristínar hafa staðið gegn því að þau giftust, af einhverjum ástæðum sem nú eru ókunnar. Þar segir:

Kyssumst, kæran, víska kemr ein stund, sú er minar, sjáu við aldrei síðan sól af einum hólí; meinendr eru mundar mínir frændr og þínir; öllum gangi þeim illa sem okkur vilja skilja.

Hér verður Loftur svo heitur út í þá sem vilja skilja þau að, að hann biður þeim bölbæna.

Eins og áður er getið, hefir Loftur byrjað búskap á Skarði með Kristínu, og hafa þau þá verið heitbundin en ekki fengið að giftast. Áttu þau saman fjóra syni, sem allir urðu merkismenn. Kristín hefir löngum verið kölluð „frilla“ eða „hjákona“ Lofta, en við ekkert hefir það að styðjast. Synir þeirra eru allir fæddir mörgum árum áður en Loftur giftist Ingibjörgu Pálsdóttur. Lang líklegust orsakir til þess, að eigi varð áframhaldandi samband milli Lofta og Kristínar, sem unnust svo heitt, eru þær, að Loftur hafi um allmörg ár, nokkuru eftir 1406, verið erlendis. Hans finnst þá hvergi getið hér á landi. Af honum hafi engar fregnir borizt — af einhverjum ástæðum — og Kristín því haldið að hann væri dáinn, og þessvegna brugðið á það ráð, að giftast öðrum manni. Þegar Loftur kemur hingað svo aftur úr utanför sinni, gripur hann í tóm, því þá er Kristín gift. Maður hennar mun hafa verið Höskuldur Runólfsson (frá Laugalandi) í Gnúpufelli, er oft fór með sýsluvöld í Eyjafirði, og var forsvarsmaður barna Lofta við skipti eftir hann 1436. Má nærri geta hvernig Lofti hefir verið innanbrjósts er hann vissi hvernig komið var, og er sagt, að hann hafi tregað Kristínu til æfiloka. Hún dó litlu á undan Lofti, líklega 1430 eða 1431.

Loftur tóki er blóm á þessum ættadmi. (þ.e. Skarðverja). Hann hefir all hin bestu einkenni ættar sinnar. Hann er einn valdamikill höfðingi og fríðstíllur, göfugmenni að mannskötum, skáld og fræðimaður.

P. E. Ó. M. og M. 66. 510.